

Þriðjudaginn 29. júní 1993.

Nr. 256/1993. **Sigurður Friðriksson**

gegn

**Helgu Gunnólfsdóttur,****Helgu Árnadóttur,****Gunnlaugu Árnadóttur og****Helgu Bylgju Gísladóttur.**

Kærumál. Endurupptaka. Ógildingarmál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. júní 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 11. nóvember 1992 var tekin til greina krafa sóknaraðila um ógildingu samkvæmt 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á skuldabréfi til handhafa, sem sóknaraðili hafði gefið út 15. september 1988 með veði í húseign í Innri-Njarðvík. Var krafa sóknaraðila einvörðungu reist á hagsmunum hans sem skuldara samkvæmt bréfinu. Kvað hann skuld sína að fullu greidda til aðila, er komið hefði fram sem handhafi bréfsins, en ekki getað afhent það við greiðsluna. Kröfu sinni til stuðnings lagði sóknaraðili ekki annað fram en kvittanir frá þessum aðila, þar sem einskis var getið um tilvist bréfsins. Komu engar upplýsingar fram um afdrif þess frá viðtakanda greiðslanna eða öðrum, er til greina gætu komið sem rétt hafar að bréfinu, heldur aðeins frá sóknaraðila sjálfum.

Varnaraðilar hafa leitt í ljós, að hið umdeilda veðskuldabréf var ekki glatað, þegar kvittun til sóknaraðila fyrir fullnaðargreiðslu var gefin út, heldur var það í geymslu hjá hæstaréttarlögmanni í Reykjavík á grundvelli samkomulags, er þeir höfðu áður gert við viðtakanda greiðslanna frá sóknaraðila og annan rétt hafa að bréfinu. Hafði viðtakandinn sjálfur átt hlut að því að koma bréfinu

í vörslur lögmannsins. Lögmaður þessi afhenti varnaraðilum frumrit bréfsins 2. nóvember 1992.

Í máli til ógildingar skuldabréfs ber stefnanda að draga fram allar upplýsingar, sem völ er á, til sönnunar um það, hvort bréf sé horfið eða glatað. Í máli sóknaraðila var brýnt að gera ríkar kröfur um sönnunarfærslu frá hans hendi, þar sem umsaminn greiðslutími samkvæmt veðskuldabréfi hans var ekki liðinn, þegar málið var höfðað. Ljóst er, að krafa sóknaraðila í málinu hefði ekki náð fram að ganga, ef viðtakandi greiðslna hans af bréfinu hefði komið fyrir dóm og greint frá því samkomulagi, sem fyrir var nefnt. Þegar af þeirri ástæðu geta varnaraðilar byggt kröfu um endurupptöku málsins á ákvæðum c-liðar 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Ber samkvæmt því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, eins og kveðið er á í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigurður Friðriksson, greiði varnaraðilum, Helgu Gunnólfsdóttur, Helgu Árnadóttur, Gunnlaugu Árnadóttur og Helgu Bylgju Gísladóttur, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. júní 1993.

Mál þetta er í dag tekið til úrskurðar eftir munnlegan málf lutning.

Þær Helga Gunnólfsdóttir, Vesturgötu 34, Keflavík, kt. 010825-4829, Helga Árnadóttir, Miðgarði 1, Keflavík, kt. 311056-7009, Gunnlaug Árnadóttir, Suðurgarði 12, Keflavík, kt. 300645-4299, og Helga Bylgja Gísladóttir, Brekkustíg 1, Sandgerði, kt. 290164-4869, hafa með beiðni, dagsettri 27. apríl 1993, óskað eftir, að mál nr. 315/1992: Sigurður Friðriksson gegn handhafa skuldabréfs, — verði endurupptekið í samræmi við ákvæði í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Útivistardómur gekk í málinu 11. nóvember 1992.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að málið verði endurupptekið. Hann mótmælir því hins vegar ekki, að endurupptökubeiðnin hafi borist dómara í tæka tíð í samræmi við 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu endurupptökubeiðenda er á því byggt, að skilyrði þau, sem sett

eru í 2. mgr. greinarinnar fyrir endurupptökunni, séu til staðar. Eru þau rök færð fram, að málinu hefði átt að vísa frá dómi, þar sem sá, sem krafðist ógildingarinnar, upplýsti í stefnu, að hann hefði aldrei fengið bréfið í hendur, bréfið hefði ekki verið gjaldfallið samkvæmt efni sínu og því ekki lýst yfir, að greiðslur hafi verið færðar inn á það. Þá telja þeir, að til sýknu hefði komið í málinu við það, að frumrit bréfsins hefði verið lagt fram.

Mótmælin gegn endurupptökunni eru á því reist, að engu þeirra skilyrða, sem talin eru upp í liðum a-d í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, sé til að dreifa. Er í rökstuðningi gert ráð fyrir því, að beiðandi reisi kröfu sína á b- og c-lið í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Um b-lið vísar stefnandi til þess, að samkvæmt 1. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991 skuli við útgáfu stefnu í ógildingarmáli afhenda dómara endurrit af því skjali, sem ógilda á, eða nákvæma lýsingu á efni þess. Ekki sé gert að skilyrði, að sá, sem ógildingar beiðist, hafi fengið skjalið í hendur. Hvað varðar c-lið, bendir stefnandi á, að skilyrðið um, að sýkna hefði átt án kröfu, geti ekki komið til álita, þar sem málsforræðisreglan gildi í íslensku réttarfari og vandséð, hvernig slíkt tilvik geti komið upp í ógildingarmáli. Í öllu falli eigi þetta ákvæði ekki við í því tilfelli, sem hér er til úrlausnar. Sá, sem sækir þing við þingfestingu ógildingarmáls, geti samkvæmt málsforræðisreglunni samþykkt kröfu um, að ógildingardómur gangi í málinu.

#### *Niðurstaða.*

Deilt er um, hvort skilyrðum þeim fyrir endurupptöku, sem fram koma í 2. mgr. 137. gr., sé fullnægt. Við mat á því, hvort tilvik það, sem hér er ræðir, falli að einhverjum liðanna í 2. mgr. 137. gr. eml., er miðað við, að þau gögn, sem frammi lágu, er endurupptöku var krafist, móti niðurstöðuna. Dómari telur, að við úrlausn málsins verði að líta til ákvæða 5. mgr. 121. gr. eml., sbr. vísun í upphafsákvæði 137. gr. eml. til 113. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu gildi sama regla um endurupptöku ógildingarmála og þeirra mála, sem fara eftir hinum almennu reglum um meðferð einkamála í héraði.

Í máli þessu liggur fyrir, að endurupptökubeiðandi hefur sýnt frumrit hins ógilta skjals í réttinum, sem leiðir til þeirrar ályktunar, að færa megi tilvikið undir c-lið 2. mgr. 137. gr. eml. vegna þeirrar afbrigðilegu meðferðar, sem ógildingarmál falla undir í eml. Telur dómari óvarlegt að beita hér þrengri túlkun á orðalagi ákvæðisins í ljósi niðurlagsorða 2. mgr. 113. gr. eml.

Samkvæmt ofansögðu verður fallist á það með endurupptökubeiðanda, að skilyrði 2. mgr. 137. gr., c-liðar, séu fyrir hendi, eins og á stendur, og málið endurupptekið.

Málskostnaður verður ekki ákvarðaður í þessum þætti málsins, heldur við efnisúrlausn þess.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er endurupptekið.

Ákvörðun um málskostnaðarkröfu stefnanda bíður efnisdóms í málinu.

---